

Reykjavík, 4. maí 2022

MSS22030171

Lagt fyrir fund öldungaráðs 5. maí 2022

Efni: Umsögn öldungaráðs Reykjavíkurborgar vegna umsókna í Framkvæmdasjóð aldraðra

Umsögn vegna umsókna Eirar hjúkrunarheimilis í Framkvæmdasjóð aldraðra vegna eftirfarandi verkefna:

1. Viðgerð og málun utanhúss á A-húsi Eirar, norður, austur og suðurveggir.
2. Endurnýjun gólfduka og gólfviðgerðir í A-húsi Eirar, dúkar á öllum rýmum 2. og 3. hæðar.
3. Flutningur og aðstöðubreyting á vaktherbergjum og hjúkrunarrýmum á 2. og 3. hæð í A-húsi Eirar.
4. Endurnýjun á yfirbyggingu sex stigaganga A-húss Eirar ásamt lagfæringu snjóbræðslu í þrepum út frá stigagöngum á tveim stöðum vestan- og austan megin.
5. Endurnýjun innréttinga í iðjuþjálfun og starfsmannaaðstöðu á 4. hæð A-húss Eirar.
6. Hitavagnar og öryggisgrindur vegna eldhúss til flutnings matvæla (8 stk.).
7. Þráðlaust netkerfi fyrir Eir hjúkrunarheimili.

Öldungaráð Reykjavíkurborgar fer með verkefni samkvæmt 2. mgr. 38. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga þar sem fjallað er um þjónustu við aldraða og framkvæmd og þróun öldrunarmála. Öldungaráðið fer einnig með verkefni samkvæmt ákvæðum laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra.

Framkvæmdasjóður aldraðra starfar á grundvelli laga um málefni aldraðra. Sjóðnum er ætlað að stuðla að uppbyggingu og efla öldrunarþjónustu um allt land og skal fé úr honum varið til byggingar stofnana fyrir aldraða, þjónustumiðstöðva og dagdvala, að mæta kostnaði við nauðsynlegar breytingar á slíku húsnæði og til viðhalds húsnæðis dagdvalar-, dvalar- og hjúkrunarheimila, auk annarra verkefna sem stuðla að uppbyggingu öldrunarþjónustu. Nánar er kveðið á um hlutverk sjóðsins í reglugerð um Framkvæmdasjóð aldraðra nr. 468/2014.

Verkefnin sem hér um ræðir varðar eðlilegar endurbætur sem eru annað hvort nauðsynlegar svo að starfsemin geti haldið áfram eða til þess fallin að bæta gæði þjónustunnar til muna. Öldungaráð Reykjavíkurborgar sér því ekkert því til fyrirstöðu að verkefnin hljóti styrk úr Framkvæmdasjóði aldraðra.